

Guðbjörn Jónsson



LEYFIÐ ÞÍÐ PRESTINUM AÐ GASPRA

Orðin sem mynda fyrirsögnina eru liðlega 40 ára gömul orð lögreglumanns er hann hafði lokið við að handtaka prest sem var með áreiti og óspektir á almannafæri. Prestur jós miður kristilegum fúkyrðum yfir lögregluþjóninn og alla sem viðstaddir voru. Þótti mörgum nóg um og vildu þagga niður í presti. En af kunnri góðmennsku og æðruleysi svaraði lögreglumaðurinn fólkinu með þeim orðum sem eru hér fyrirsögn. Þess skal getið að nefndur atburður átti sér stað undir lok dansleiks í heimasveit prests og hann orðinn all nokkuð ölvaður og hafði greinilega skilið kurteisina eftir heima.

Þessi atburður komu í hugann þegar ég las á vefsvæðinu Herðubreið, reiðipistil séra Davíðs Þórs Jónssonar, héraðsprests á, Austurlandi. Mér varð á að hugsa hvort maðurinn væri á einhverjum örvandi lyfjum eða hvort hann hefði bara skilið skynsemina og kurteisina eftir heima. Alla vega þótti mér með ólíkindum að maður í prestsembætti léti frá sér fara annan eins texta og þarna var skráður.

Nú er líklega flestum ljóst, sem heyrta hafa í Davíð Þór tala um trúmál sem og önnur þjóðfélagsmál, að maðurinn er hvorki illa gefinn eða húmorslaus. Þess vegna kemur svona reiðilestur afar einkennilega fyrir sjónir og ekki hvað síst vekur undrun manns hin heiftarlega áráð hans á fólk í einni nýstofnaðri stjórnmalahreyfingu, sem hann virðist finna allt til foráttu. Án þess að gefa neitt upp um forsendur sínar stimplar hann fylgjendur þessarar nýju hreyfingar sem „rasista“ og að fólk sé með „fasiskar“ skoðanir og fleira og fleira. Ég hef ekki geð í mér til að telja upp lýsingar hans. Síðan segir hann að:

„Við verðum að geta kallað hlutina sínum réttu nöfnum án þess að fara á límingunum þó ekki sé nema til þess að við séum með það á hreinu að við séum að tala um það sama.“

Ég er ekki beinlínis talsmaður þessarar nýju stjórnmalahreyfingar en ég hef þó ævinlega viljað hafa í heiðri þá meginreglu lýðræðis að fólk sanni sig með gjörðum sínum en verði ekki dæmt eftir **orðum annarra**, hverjir sem þeir aðilar eru. Og óneitanlega eru nokkuð brotlegar tilraunir prestsins til að troða stefnumálum NO BORDERS hópsins upp á hið nýstofnaða stjórnmalaafl með eftirfarandi orðum:

„Og þegar fasistarnir nugga sér utan í Krist með því að hampa kristindóminum sem sérstökum augasteini sínum, sem þeir ætli að vernda og verja fyrir hinum vondu útlendingum, áskil ég mér rétt til að benda á að þeir, sem halda að þeir verndi kristindóminn með því að loka landamærum, hafa greinilega ekki hundsvit á grundvallaratriðum kristindómsins.“

Ekki verður af hreinskilni sagt að kurteisinn flæði frá prestinum. Ég er næsta viss um að Kristur tekur hverjum sem er vel sem, „*nugga sér utan í hann.*“ Þarna talar prestur í nafni grundvallaratriða kristindómsins. Hann heldur sig við þá óguðlegu framkomu að dæma ótiltekinn fjölda fólks „rasista“ og „fasista“, án þess að tilnefna einhver bein atriði sem helgi honum rétt til að nota slík orð gagnvart fólk sem þyki vænt um land sitt og menningu og vilji viðhalda þeim þáttum sem lengst.

Séra Davíð Þór hirðir ekkert um það sjónarmið að Guð ætlist til að fólk noti þá dómgreind og innsæi sem það fékk í vöggugjöf. Hann dæmir hart það fólk sem opinberar sjónarmið sem ekki falla að hans og fellir ákveðna dóma um vitsmuni þess. Líklega er hann í slíkum úrskurðum kominn út fyrir starfslýsingu prestsembættis.

Svo virðist sem ótrúlega miklar og margar áráðir þeirra *sem halda að þeir verndi kristindóminn* með órökstuddri illmælgju um fólk sem það veit engi deili á, sé Kristi þóknarlegt, vaða í villu eigin ágætis líkt og maðurinn sem sagði í bæn sinni: - *Guð ég þakka þér að ég er ekki eins og aðrir menn.* -

Margir virðast, þrátt fyrir árásirnar, líta jákvæðum augum þau stefnumál sem hið nýja stjórn málaafli setur fram, sem presturinn fordæmir þó svo hart. Sjá einhverjir Davíð Þór fyrir sér í sporum Jesú, þegar lýðurinn kom með konu til hans, sem lýðurinn vildi að dæmd skildi og grýtt til dauða. Æðstu prestarnir vildu sýna fram á að Jesú mundi sveigjast af leið, undan afli lýðsins. Hann mundi taka undir með fjöldanum og dæma konuna, líkt og presturinn hér dæmir fylgjendur tiltekens stjórn málaafli, án þess að hafa nokkarar forsendur til slík.

Presturinn hér uppnefnir og grýtir fólk sem hann telur hafa tilteknar skoðanir sem honum líkar ekki. Hans sjónarmið virðast falla betur að því að taka undir með árásgjörnum útvarpsmönnum. Án rannsókna eða neinnar vissu um sök ætlar hann tilteknur stjórn málaafli skoðanir og athafnir „rasista“ og það boði „fasisma“. Hann telur því þessa nýstofnuðu stjórn málahreyfingu vera afl sem ekki eigi rétt á að starfa.

En hvað skildi Jesú hafa gert? Lýðurinn vildi fá staðfestingu hans á því að grýta mætti konuna? Svar Jesú var þetta:

„Sá yðar sem syndlaus er, kasti fyrsta steininum.“

Allir sem þar voru nærstaddir vissu sig alls ekki syndlausa, lögðu frá sér steinana sem áttu að drepa konuna og sneru síðan hver til síns heima.

Einhvern veginn virðist sem þessi mikilvægi boðskapur hafi farið hjá garði án þess að koma við hjá Davíð Þór. Alla vega veigrar hann sér ekkert við því að dæma fólk rasista, þó hann viti engin deili á fólkinu; hafi aldrei heyrt neitt frá því. Sú mynd sem hann dregur upp af hinum nýstofnaða stjórn málaafli virðist ekki eiga heima í skráðum stefnumálum flokksins. Svo virðist sem sjónarmið prestsins séu einungis borin fram af fólki sem er illa við áform hins nýja afli um að efla sjálfsvitund Íslendinga og virðingu fyrir þeirri arfleifð sem okkur var trúað fyrir.

En Davíð Þór liggur meira á hjarta. Hann segir réttilega að lýðræðið tryggi fólki rétt til að hafa „fasískar“ skoðanir og tjá þær. Síðan segir hann:

„En lýðræðið tryggir öðrum nákvæmlega sama rétt til að fyrirlíta þessar skoðanir og tjá ímugust sinn á þeim umbúðalaust.“

Þetta get ég tekið undir heilshugar undir í meginatriðum þó ég taki ekki undir dálítið öfgakennt umbúðaleyfi í áherslum prestsins. Lýðræðið tryggir okkur rétt til að sniðganga hverja þá sem tjá öfgaskoðanir í rituðu eða töluðu máli. Einnig er líka mikilvægt að sniðganga „fasíska eða rasíska“ hegðun, sem iðulega einkennist af því að öðrum eru ætlaðar illar hugsanir og gjörðir, án þess að nokkur áþreifanlegar sannanir séu fyrir slíku.

Ég geng reyndar ekki alveg eins langt og presturinn gerir, þegar um er að ræða túlkun á því hvaða heimildir lýðræðið veiti okkur til sjálfsákvörðunar um aðgerðir gegn þeim sem okkur finnst ekki fara eftir reglum sem við samþykkjum. Um það segir Davíð Þór.:

„Lýðræðið tryggir mér rétt til að gera allt sem í mínu valdi stendur til að beita mér gegn því með oddi og egg að fasistar fái að hafa nokkuð um það að segja hvernig þjóðfélag við byggjum hér á þessari eyju.“ Síðan segir einnig:

Sem borgari í lýðræðissamfélagi hef ég rétt til að segja þetta hátt og skýrt hvar og hvenær sem er.“

Ekki er þetta nú að öllu leyti rétt hjá prestinum því eins og hann veit væntanlega sjálfur þá tryggir stjórnarskráin okkur öllum ákveðna friðhelgi eins og fram kemur í 1. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrár:

„71. gr. [Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsa kynnum hans eða munum, nema

samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“

Öllum sem vilja kenna sig við heiðarleika, réttσύni og kærleika, ber að virða umrædd ákvæði stjórnarskrár því í 1. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár er ákvæði sem varða sakfellingu fólks. Þar segir:

„70. gr. [Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.“

Engum öðrum en viðurkenndum dómstólum landsins er heimil að fella úrskurð um sök eða samleysi annars aðila, eins og glögglega kemur fram í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrá.

„70. gr. 2. mgr. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“ ¹⁾ [L. 97/1995, 8. gr.](#) “

Og í upphafi 69. gr. stjórnarskrár segir eftirfarandi:

„69. gr. [Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi.“

Eins og hér hefur verið rakið eru ýmsar hömlur á sjálftöku einstaklinga á réttarfarsreglum. Slíkt er alveg eðlilegt þar sem við erum fullgildir aðilar að Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, eins og Davíð Þór kemur hér inná:

„Sá sem segir „Ég vil ekki sjá að múhamedstrú skjóti rótum á Íslandi“ eða „Ég kæri mig ekki um að múslimur fái að reisa mosku í Reykjavík“ er nefnilega í raun að segja allt annað. Hann er að segja“: **„Ég vil ekki sjá 18. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.“**

Þó það falli ekki að 19. gr. Mannréttindasáttmálans að Davíð Þór gefi út opinberar túlkanir á orðum þeirra sem eru honum ósammála, þá fer hann reyndar hér á eftir rangt með ákvæði 1. mgr. 18. gr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Davíð Þór segir það svona:

„Allir skulu frjálssir hugsana sinna, samvisku og trúar. Felur sá réttur í sér frelsi til að skipta um trú eða sannfæringu og enn fremur frelsi til að rækja trú sína eða sannfæringu einslega eða með öðrum, opinberlega eða í einrúmi, með boðun, breytni, tilbeiðslu og helgihaldi.“

Í lagatextanum er það svolítið öðruvísi:

18. gr. 1. Allir menn skulu frjálssir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í þessum rétti felst frelsi til þess að hafa eða adhyllast trú eða skoðun að þeirra vali, og frelsi til þess að láta í ljós trú sína eða játningu, einir sér eða í félagi við aðra, opinberlega eða einslega, með tilbeiðslu, helgihaldi, guðsþjónustu og kennslu.

Ég fæ ekki betur séð en hverjum og einum sé heimilt að setja fram skoðun sína og/eða sannfæringu varðandi trúarbrögð á Íslandi og setja frá sjónarmiði sín varðandi byggingu mosku í Reykjavík. Ég sé hins vegar hvernig heimild fyrir séra Davíð Þór, til þess að breyta merkingu þeirra orða sem einhver ónefndur segir og breyta túlkun orðanna í þá veru sem séra Davíð Þór langar til að þau merki, svo þau þjóni tilgangi hans um að búa til ágreining.

En mikilvægt er vegna heildarhugsunar að horfa líka til þess sem kemur fram í næstu grein, 19. gr. Mannréttindalaganna. Þar segir eftirfarandi:

„19. gr. 1. Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust.

2. Allir skulu eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar; í þessum rétti felst frelsi til þess að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista, eða eftir hverjum öðrum leiðum að þeirra vali.

3. Sérstakar skyldur og ábyrgð felast í því að nota sér réttindi þau sem um getur í 2. mgr. þessarar

greinar. Því má takmarka þessi réttindi að vissu marki, en þó aðeins að því marki sem mælt er í lögum og er nauðsynlegt:

(a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra;

(b) til þess að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigði almennings eða siðgæði.“

Hér að ofan kemur afar glögglega fram í 1. málslið 19. gr. að: „Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaus“. Það er hins vegar hvergi minnst á að séra Davíð Þór, eða einhver annar, hafi rétt til að breyta þeim skoðunum sem aðrir hafi sett fram og túlka þær eftir sínum vilja. Verulega virðist því skorta á hið einfalda ALLSHERJAR FRELSI sem presturinn vísar til; sé bara ekki til í raunveruleikanum. Svo er að sjá sem í hverju landi fyrir sig sé stjórnvöldum heimilt að setja lagareglur til verndar friðar, allsherjarreglu og heilbrigði almennings.

Séra Davíð Þór lætur sér ekki nægja að rangtúlka ákvæði Manréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, heldur leitast hann einnig við að segja að sá sem andmæli stjórnlausu innstreymi hælisleitenda hafni mannréttindum. Í því samhengi bendir hann á þrjár greinar stjórnarskrár okkar. Séra Davíð Þór segir um þann sem mótmælir:

„Hann er líka að segja: „Ég vil ekki að 63, 64. og 65. grein Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands gildi.“

„Þar segir meðal annars:“

„Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.“

„Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna.“

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Athyglisvert er að presturinn tekur einungis, úr hverri af tilgreindum greinum stjórnarskrár, þá málsliði sem henta best hans málsstað, ef aðrir þættir umræddra greina væri fellt út.

Úr 63. gr. tekur hann málsliðinn: „Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.“ Greinin í heild hljóðara hins vegar á þessa leið:

„63. gr. [Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.]¹⁾ ¹⁾L. 97/1995, 1. gr.

Úr 64. gr. tekur hann málsliðinn: „Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna.“ Greinin í heild hljóðara hins vegar á þessa leið:

64. gr. [Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Nú er það svo að þeir sem koma hingað til lands í leit að hæli, hafa ekki öðlast hér „þegnurétt“ og bera því ekki heldur neinar þegnskyldur. Raunveruleikinn er sá, að þeir sem hingað koma á ólöglegan máta eða farga pappírnum sínum áður en þeir gefa sig fram við yfirvöld hér, þeir aðilar öðlast ekki kröfurétt á hendur íslenskum stjórnvöldum.

Niðurlag greinar sinnar tileinkar séra Davíð Þór aðvörun til þjóðarinnar um að gæta sína á faststunum“. Hann óttast að fólk laðist að fasistunum án þess að það átti sig á „að hatur fasista á frelsi fólks ristir mun dýpra en svo að hún nái aðeins til þeirra sem eru annarrar trúar og af öðrum uppruna en þeir sjálfir.“

„Kynnið ykkur til dæmis afstöðu þeirra til kvenréttinda og yfirráða kvenna yfir sínum eigin líkama eins og hann birtist í afstöðu fasista til fóstureyðinga“

„Kynnið ykkur afstöðu fasistanna til réttinda hinsegin fólks og jafnra hjúskaparréttinda óháð kynhneigð eða kyngervi“

„Þeim, sem þetta gera og eru ekki þeim mun óhæfari um að setja sig í spor annarra, held ég að

renni fljótlega kalt vatn milli skinns og hörunds.“

AÐ LOKUM ÞETTA.

Eftir að hafa lesið þessa eldmessu séra Davíðs Þórs mörgum sinnum yfir og borið hana saman við tilvísaðar heimildir er ég algjörlega í vindinum með hvað þessum guðsmanni gengur til. Ég hef einnig reynt að leita ástæðna þessarar reiði í málefnskrá Íslensku þjóðfylkingarinnar en finn þar ekkert sem, með heilbrigðri hugsun, ætti að geta valdið svona sturlun.

Það undarlegasta við þetta allt saman er að þau þekktu einkenni fasismans, sem fólki hefur um fjölda ára verið ráðlagt að vara sig á, er einmitt framganga eins og séra Davíð Þór birtir í þessari eldmessu sinni. Hann talar til fólks eins og það sé heiladauðar mannverur, sem hann einn beri alla ábyrgð á að beina eftir rétttri braut í lífinu. Hann útskýrir ekkert, enda óþarfi þar sem ekki er ætlast til að fólk sé hugsandi. Hans boðskapur er þessi.

Ekki taka hættuna af því að kynna ykkur málin nánar, það gæti leitt til þess að þið í ógáti án leiðsagnar minnar, aðhylltust framtíðarsýn sem **mér finnst** ekki passa fyrir ykkur.

Þá er náttúrulega eðlilegt að fólk spyrji. Hvernig þekkjum við fasista?

Í áratugi hefur verið sagt að maður geti þekkt fasiskar tilhneigingar á því hvernig talað er til annars fólks. Þeir sem tala eða rita til annars fólks eins og þeir þurfi alveg nauðsynlega að hafa vit fyrir því, það er fólk sem telur sig betur fært um að velja það besta fyrir aðra. Það er fólkið sem er lítt hrifið af raunverulegu lýðræði en leitast við að hafa hóp jábræðra í kringum sig, svo það líti út fyrir að ákvarðanir þeirra séu teknar af stórum hópi.

Annað sem einkennir einnig fólk með tilhneigingar til að stýra öðrum, er að það útskýrir aldrei, með beinum tilvísunum í lög eða texta, hvað það er í orðum eða athöfnum þess sem gagnrýndur er, sem viðkomandi telur hættulegt þeim markmiðum sem gagnrýnandinn stendur fyrir. Það leiðir aftur hugann að því að eitt mesta áhyggjuefni séra Davíðs Þórs í eldmessu sinni, var að hans mati rasískur og fasískur hugsunarháttur og gjörðir í málefnskrá og aðgerðum Íslensku þjóðfylkingarinnar. Þrátt fyrir að það viðfangsefni hafi verið sterki undirtónninn í skrifum hans, setur hann ekki fram eina einustu beinu tilvísun, ásökunum sínum til stuðnings.

Af heilum hug óska ég séra Davíð Þór Jónssyni velfarnaðar í lífinu, bæði í leik og starfi. Ég hef um nokkurra ára skeið heyrt mörg viðtöl við Davíð Þór og tel mig því vita að umtalsverð þekking og hæfileikar til að nýta hana séu fyrir hendi hjá manningum, þó einhver öfgadrifin orka virðist stýra hugsun hans og gjörðum um þessar mundir. Ég bið Guð um að vísa þessum liðsmanni sínum aftur á leiðina heim til raunsæis, kærleika og heiðarleika í garð eigin þjóðar.

Af eldmessunni má einnig ráða að séra Davíð Þór sé hlynntur ótakmörkuðu streymi erlends fólks til landsins, sem hælisleitenda en það er önnur umræða.